

Nd. **289. Frumvarp til laga** [230. mál]

um breyting á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Friðrik Sophusson, Ólafur G. Einarsson,
Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Niður falli síðasta mgr. 3. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í II. kafla laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, 3. gr., er fjallað um fasteignaskatt og upphæð hans miðuð við fasteignamat, ýmist 0,5% eða 1%. Þar að auki er sérstakt ákvæði að finna í lokamálgrein 3. gr. sem hljóðar svo:

„Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.“

Með frumvarpi þessu er lagt til að þetta ákvæði verði fellt úr lögum. Ástæður þess eru fyrst og fremst eftirfarandi:

Skattur þessi mismunar þegnum eftir búsetu og brýtur á þann hátt í bága við viðurkenndar grundvallarreglur skattaréttar. Má jafnvel telja að hann sé andstæður eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar svo sem fram hefur nýlega komið í úrskurði yfirfasteignamatsnefndar ríkisins.

Í úrskurði nefndarinnar þann 26. júlí 1982 vegna deilu um réttmæti slíkrar skattlagningar segir m. a.:

„Nefndin fellst á það með kærendum að umræddur 4% hlunnindaskattur sé óeðlilegur og hæpinn frá sjónarmiði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hann byggist hins vegar á lagareglu sem

eigi hefur verið hnekk af dómstólum og verður því ekki komist hjá því að leggja hana til grundvallar í úrskurði þessum.“

Í ljósi þessa álits yfirfasteignamatnefndar sýnist því bæði rétt og óhjákvæmilegt að Alþingi láti málið til sín taka og felli þennan sérstaka skatt úr lögum. Það skal undirstrikað að eftir sem áður munu eigendur fasteigna, sem utan sveitar búa, að sjálfsögðu greiða öll önnur fasteignagjöld svo sem boðið er í 3. gr. laganna.

Fyrir utan hina grófu mismunun, sem í skattlagningu þessari felst og vafa um lögmæti hennar, skal á það bent hve hér er um gífurlega þunga skattbyrði að ræða fyrir hlunnindaeigendur. Svo sem kunnugt er þá er fasteignaskattsstofninn af hlunnindum metinn sem tífaldar árstekjur af þeim. Þess vegna verður 4% skatturinn í raun 40% skattur af hlunnindatekjum árlega. Síðan ber að greiða tekjuskatt og útsvar af hlunnindatekjunum í heimabyggð. Lokaskattgreiðslan fer þá eftir því hvort heimilað er að draga hlunnindaskattinn frá. Sé svo mun heildarskattgreiðslan verða 75—80%, en ef ekki fæst að draga hlunnindaskattinn frá tekjuskattsstofni getur heildargreiðslan farið yfir 100%. Af þessu sést glögglega hve ranglát þessi sérstæða skattheimta er.

Að lokum skal hér jafnframt tekið dæmi um það hve neikvæð og óáskileg áhrif skattur þessi getur haft í framkvæmd. Á síðari árum hefur áhugi manna á fiskeldi og ylraekt farið mjög vaxandi. Gildir það jafnt um innansveitarmenn sem utansveitarmenn. Ekki síst hefur miklum fjármunum verið varið til seiðasleppingar, laxastiga og fiskiræktar í ám landsins og þá í mörgum þeirra sem hafa verið nær fisklausar áður. Hlunnindaskatturinn leggst á veiðiár séu þær ekki í eigu innansveitarmanna og á jarðvarma á sama hátt. Liggur í augum uppi hve þessi skattur hlýtur því að draga úr fjárhagslegu bolmagni eigenda til þess að standa í slíkri ræktun og uppbyggingu sem öllu byggðarlaginu hlýtur þó að koma til góða. Hann er í raun refsiskattur á þá framtakssemi sem hér hefur verið lýst, letur þá sem verja vilja fjármunum til uppbyggingar og nýtingar hlunninda landsins í stað þess að vera þeim hvatning og uppörvun.

Að því er varðar tekjumöguleika hreppa af jörðum og hlunnindum í eigu utansveitarmanna er ljóst að frumvarp þetta haggar á engan hátt rétti hreppa til álagningar hins almenna fasteignaskatts. Sé sá skattur talinn óeðlilega lágur í einstöku tilvikum er sú leið ætíð fyrir hendi að fá fram hækkun hans með endurmati hlutaðeigandi fasteignar. Á þann hátt er unnt að tryggja að allir fasteignaeigendur, hvort sem það eru utansveitarmenn eða innansveitarmenn, greiði réttlát og réttmæt gjöld til hlutaðeigandi hreppsfélags.

Af þeim ástæðum, sem hér að framan hafa verið taldar, leggja flm. þessa frumvarps til að 4% hlunnindaskatturinn verði felldur úr lögum.